

**614. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 13. júní 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 614 lögmætan.

Oddviti óskaði eftir heimild til afbrigða við dagskrá þannig að fundargerð 11. fundar fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps, með málsnr. 2306022F, verði tekin á dagskrá ásamt máli með málsnr. 2306255 sem er að finna í þeirri fundargerð.

Var það samþykkt samhljóða og verður fundargerðin nr. 8 á dagskrá fundarins og mál nr. 2306255 verður nr. 2 á dagskrá fundarins. Önnur mál færast til sem þessu nemur.

Dagskrá:

1. Samrekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla - 2303185

Minnisblað skólastjóra Tálknafjarðarskóla dags. 11.04.2023 varðandi samrekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla.

Mál frá 9. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.04.2023. Skólastjóri Tálknafjarðarskóla, Birna Hannesdóttir, ásamt Ágústu Ósk Aronsdóttur, deildarstjóra hjá Tálknafjarðarskóla, voru gestir á fundinum í þessu máli.

Eftir kynningu skólastjórnenda og umræður þar á eftir var samþykkt samhljóða að vísa málinu til frekari umfjöllunar í fræðslunefnd Tálknafjarðarhrepps sem vinni drög að stefnu í samrekstri skólastofnana.

2. Starfsemi leikskóla starfsárið 2023-2024 - 2306255

Minnisblað frá skólastjórnendum dags. 12.06.2023 varðandi starfsemi leikskóla starfsárið 2023-2024.

Mál frá 11. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.06.2023. Skólastjóri Tálknafjarðarskóla, Birna Hannesdóttir, ásamt Ágústu Ósk Aronsdóttur, deildarstjóra hjá Tálknafjarðarskóla, voru gestir á fundinum í þessu máli.

Sveitarstjórn telur rétt að skólastjórnendur geri könnun í samræmi við bókun fræðslunefndar og niðurstöður verði kynntar á næsta fundi sveitarstjórnar.

Málinu frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.

3. Kjör í fastanefndir til fjögurra ára 2022-2026 - 2205202

Afgreiðslu er frestað.

4. Skipan fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða - 2305194

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 26.05.2023 þar sem óskað er eftir skipan tveggja fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða.

Fram kom tillaga frá JIJ um að Tálknafjarðarhreppur dragi sig út úr vinnu við svæðisskipulag Vestfjarða og skipi ekki fulltrúa í sameiginlega svæðisskipulagsnefnd. Tilagan var borin upp og felld með þremur atkvæðum LM, JLM og GJ. JIJ greiddi atkvæði með tillögunni en JÖH sat hjá.

Borin var upp tillaga um að Lilja Magnúsdóttir og Guðlaugur Jónsson verði fulltrúar Tálknafjarðarhrepps í svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða. Var hún samþykkt með fjórum greiddum atkvæðum. JIJ sat hjá.

5. Kjörstjórn fyrir væntanlegar íbúakosningar um sameiningu - 2306260

Samstarfsnefnd um sameiningu Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar óskar eftir því að sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps og bæjarstjórn Vesturbyggðar kjósi sameiginlega kjörstjórn fyrir væntanlegar íbúakosningar um sameiningar næsta haust sbr. 5. gr. reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga. Lagt er til að kjörstjórn verði skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara. Tveir fulltrúar og tveir til vara skulu koma úr Vesturbyggð og einn fulltrúi og einn til vara frá Tálknafjarðarhreppi.

Mál frá fundi Samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fór fram 31.05.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Sigurvin Hreiðarsson verði aðalmaður og Thelma Dögg Theodórsdóttir varamaður í sameiginlegri kjörstjórn fyrir væntanlegar íbúakosningar um sameiningar næsta haust sbr. 5. gr. reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga.

6. Reglur um atkvæðagreiðslu vegna sameiningar sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps - 2306262

Reglur um atkvæðagreiðslu vegna sameiningar sveitarfélaganna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

Mál frá fundi Samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fór fram 31.05.2023

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu og vísa málinu til umföllumunar í sameiginlegri kjörstjórn fyrir væntanlegar íbúakosningar um sameiningu næsta haust.

7. Starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar - 2304095

Mál frá 612. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 09.05.2023. Alls bárust tvær umsóknir um starfið. Umsækjendur eru:

Aðalheiður Bára Hjaltadóttir
Anna Kristín Gylfadóttir

Sveitarstjóri lagði til að Anna Kristín Gylfadóttir yrði ráðin í starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðarhrepps. Sveitarstjórn samþykkti þá tillögu samhljóða.

8. Fræðslunefnd - 11 - 2306002F

Fundargerðin er staðfest.

8.1 2306255 - Starfsemi leikskóla starfsárið 2023-2024

8.2 2306254 - Innra mat 2023

8.3 2208001 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023

8.4 2305137 - Úthlutun úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2023

8.5 2306245 - Drög að aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023-2026

9. Vatnsveita endurnýjun lagna í Túngötunni - 2305152

Verksamningur Tálknafjarðarhrepps við Allt í járnum ehf. dags. 23.05.2023 vegna Vatnsveitu Tálknafjarðar, endurnýjun lagna í Túngötu.

Lagt fram.

10. Ársreikningur FV fyrir árið 2022 - 2305184

Ársreikningur Fjórðungssambands Vestfirðinga árið 2022.

Lagt fram.

11. Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga - 2306261

Reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 323/2023.

Lagt fram.

12. Reglur um byggðakvóta - 2305171

Auglýsing um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2022/2023 nr. 454 dags. 08.05.2023.

Lagt fram.

13. Ósk um upplýsingar - 2305135

Erindi frá Bjarna Jónssyni dags. 15.05.2023 þar sem óskað er eftir upplýsingum vegna sölu á heitu vatni.

Lagt fram.

Sveitarstjóra er falið að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

14. Orkuveita Tálknafjarðar - 2306215

Minnisblað frá JTC Consulting Engineers dags. 31.05.2023 varðandi fjarvarmaveitu á Tálknafirði.

Lagt fram.

15. Betra Ísland og grænna - 2305160

Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands dags. 22.05.2023 varðandi skógrækt á Íslandi.

Lagt fram.

16. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025

Í framhaldi af bilun sem varð í farsímakerfi Símans á Tálknafirði í síðustu viku er sveitarstjóra falið að koma eftirfarandi bókun á framfæri við farsímafyrirtæki á Íslandi.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps skorar á símafyrirtæki sem veita Tálknfirðingum þjónustu að láta vita ef um bilun er að ræða í kerfum þeirra þannig að íbúar séu upplýstir þegar slíkt kemur upp.

17. Samstarfsnefnd vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar - 2302046

Fundargerðir funda samstarfsnefndar vegna sameiningarviðræðna Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar sem fóru fram 24.05.2023 og 31.05.2023.

Lagt fram.

18. Fundargerðir Fasteignafélagið 101 Tálknafjörður - 2209249

Fundargerð stjórnarfundar í Fasteignafélaginu 101 Tálknafjörður ehf. sem fór fram 25.05.2023.

Lagt fram.

19. Samráðsfundur Náttúrustofu Vestfjarða 2023 - 2305063

Fundargerð samráðsfundur aðildarsveitarfélaga Náttúrustofu Vestfjarða (ársfundur) sem fór fram 19.05.2023.

Lagt fram.

20. Fundargerðir Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) 2023 - 2303086

Fundargerð 143. stjórnarfundar Náttúrustofu Vestfjarða sem fór fram 19.05.2023.

Lagt fram.

21. Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301063

Fundargerðir stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 926 sem fór fram 17.05.2023, nr. 927 sem fór fram 26.05.2023 og nr. 928 sem fór fram 02.06.2023.

Lagt fram.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)